

**108. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn í bæjarþingsalnum, Stillholti
16-18,
25. mars 2019 og hófst hann kl. 08:15.**

Fundinn sátu:

Ragnar B. Sæmundsson formaður, Gerður Jóhanna Jóhannsdóttir varafirmaður, Ólafur Adolfsson aðalmaður, Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs, Stefnan Þór Steindórsson byggingarfulltrúi, Hafdís Sigurþórsdóttir fulltrúi, Sindri Birgisson umhverfisstjóri og Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri.

Fundargerð ritaði: Sigurður Páll Harðarson, sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs.

Fyrir tekið:

1. 1806229 - Starfshópur um uppbyggingu á Dalbraut 4 - þjónustumiðstöð

Lokaskýrsla starfshóps um uppbyggingu á Dalbraut 4.

Skipulags- og umhverfisráð þakkar starfshópnum fyrir lokaskýrsluna og þá miklu vinnu sem að baki henni liggar.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarráð að hafin verði hönnun á innri frágangi þjónustumiðstöðvar.

2. 1812048 - Deiliskipulag Ægisbrautar - Ægisbraut 28

Umsókn um að staðsetja gáma á lóðinni samkvæmt meðfylgjandi rissi.

Skipulags- og umhverfisráð samþykkir að fram fari grenndarkynning á breytingunni skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Grenndarkynnt verði fyrir lóðarhöfum við Ægisbraut 29, 31 og 30, ásamt Vallholti 1.

3. 1811216 - Deiliskipulag - fyrirspurn um breytingu Bárugata 15

Fyrirspurn um deiliskipulagsbreytingu sem felst í að hækka húsið og koma fyrir 12 smáibúðum.

Skipulags- og umhverfisráð leggst ekki gegn því að byggðar verði íbúðir á Bárugötu 15 að því tilskyldu að breyting á skipulagi gangi eftir. Hinsvegar leggst ráðið gegn því að bílastæði verði sett upp við Bárugötu 14 og 16. Umsækjandi þarf því með umsókn sinni að sína fram á hvernig hann hyggst leysa bílastæðamál er tengjast íbúðum á Bárugötu 15.

4. 1901196 - Sementsreitur - uppbygging

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarráð að samið verði við Work North ehf. um að fjarlægja veggi umhverfis sandþró samhlíða öðru niðurrifi við sementsreit. Um yrði að ræða viðbótarverk við niðurrif á Sementsreit kr. 40.645.936.

5. 1903181 - Þróun landsskipulagsferlis: Loftslag, landslag og lýðheilsa - boð um þátttöku á samráðsvettvangi

Skipulagsstofnun boðar til þátttöku á samráðsvettvangi um loftslag, landslag og lýðheilsu.

Lagt fram til kynningar.

6. 1903262 - Deiliskipulag Dalbraut-Þjóðbraut - Þjóðbraut 9

Fyrirspurn um breytingu á deiliskipulagi Dalbraut-Þjóðbraut. Breytingin felst í að sameina lóðir nr. 9 og 11 við Þjóðbraut fyrir nýja byggingu.

Málið kynnt.

QS
SPB

7.1903261 - Rekstrarstjóri umhverfisdeildar

Starfslýsing og auglýsing á starfi rekstrarstjóra umhverfissviðs.

Gert er ráð fyrir starfinu í fjárhagsáætlun 2019.

Skipulags- og umhverfisráð óskar eftir heimild bæjarráðs til að auglýsa starfið.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 11:30.

Ragnar Sömundsson

Gudrun Jón. Johannsdóttir

(Draffalsson)

San Fr h

Sig. P. H.

Steinunn Þórssdóttir

Sindri Birgisson

HafðisSíus.rit.